

Tillögur velferðarnefndar til ársþings SASS 2012

Heilbrigðisstofnanir á Suðurlandi

Ársþing SASS, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, vill beina þeim tilmælum til ráðamanna að standa vörð um þjónustu Heilbrigðisstofnana á Suðurlandi. Enn vantar 32.8 milljónir til rekstrar HSu fyrir árið 2012 en þessi fjárheimild var samþykkt til að mæta ofgreiddri húsaleigu. Þrátt fyrir ítrekaða beiðni um flýtifjárveitingu til greiðslu þessarar upphæðar hefur ekkert gerst. Lausafjárstaða stofnunarinnar er afar slæm og því brýnt að þessi upphæð berist án tafar þar sem niðurskurður ársins hefur ekki náðst eins og áætlunin gerði ráð fyrir. Til staðar er uppsafnaður rekstrarhalli á stofnuninni ogvið bætist rekstrarhalli þessa árs 1.4% af fjárheimildum sem skýrist af meiri veikindaforföllum en verið hefur. Þessi uppsafnaði rekstrarhalli mun leiða til niðurskurðar hjá stofnuninni á næsta ári. Ljóst er að ekki verður lengra komist án skerðingar á þjónustunni. Þingið hvetur Velferðarráðherra og alþingismenn til að beita sér án tafar fyrir lausn á rekstrarvanda stofnunarinnar.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurlandi

Ársþing SASS, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til uppbyggingar hjúkrunarrýma á Suðurlandi í samvinnu við sveitarfélögin. Þörf fyrir fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurlandi er veruleg. Samkvæmt samræmdu færni og heilsumati er staðan nú þannig að 38 manns eru á biðlista á Suðurlandi eftir hjúkrunarrými og af þeim eru 27 í Árnessýslu og 11 á öðrum svæðum. Samkvæmt viðmiðum Velferðarráðuneytis skal stefnt að því að allir búi í einbýli, því liggur fyrir að í mörgum tilfellum þarf að ráðast í framkvæmdir til að húsnaði standist þau viðmið. Ársþing vill einnig benda á að mögulegt er að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými á ákveðnum heimilum á svæðinu, þessi kostur er í mörgum tilfellum hagkvæmur fyrir ríkið.

Þjónustusamningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar og ríkis um heilbrigðis- og öldrunarmál

Ársþing SASS, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, hvetur Velferðarráðuneytið til þess að ljúka samningum við Sveitarfélagið Hornafjörð um endurnýjun á þjónustusamningi um heilbrigðis- og öldrunarmál í sveitarfélaginu. Samningur hefur verið laus frá 1. janúar 2007. Ársþing hvetur ríkið til að virða þann samning sem í gildi er þar til nýr samningur hefur verið endurnýjaður. Sveitarfélagið hefur annast reksturinn frá 1996 og mikilvægt er að eyða óvissu um hann.

Þjónusta talmeinafræðinga

Árþing SASS, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012 , hvetur Velferðarráðuneytið til þess að beita sér nú þegar fyrir því að samningur SÍ við Félag talmeinafræðinga, sem kveður á um greiðsluskyldu sveitarfélaga vegna fyrstu 18 skipta sem barn eða ungmenni yngri en 18 ára fer til talmeinafræðings, verði endurskoðaður. Telur Árþingið að engin lagastoð sé fyrir umræddu ákvæði en það leiði hins vegar til þess að fjöldi barna sé án þeirrar þjónustu sem þau ella ættu rétt á.

Þjónusta sérfræðinga í heimislækningum

Árþing SASS, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012 , hvetur Velferðarráðherra til að beita sér fyrir aukningu nemaplássa í heimislækningum á Íslandi.